

REP-980

Steiningarlím/filtunar- og þunnmúr



Efnislýsing

REP 980 múrefni er til vatnspéttingar, verndunar og minni viðgerða á múr og steinsteypu t.d.

- Á svalargólf, stéttar og aðra lárétta fleti.
- Á múraða fleti eftir viðgerðir.
- Á grunna, brýr, steypar einingar og önnur mannvirki.
- Sem límingarefni fyrir steiningu.
- Sem límingarefni undir vatnsbretti.
- Til flísalagna og fúgunar.

Kostir

REP 980 er gufuopið, vatnspétt og frostþolið sementsbundið efni sérstaklega ætlað til filtunar kústunar og í smærri viðgerðir í lagþykkt 0-10 mm. REP 980 hefur mjög góða viðloðun við undirlagið og ver steypu gegn mengun af völdum útblásturs bifreiða.

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við alla lausa og morknaða steypu. Skola skal burtu öllu ryki og lausum múr.

Grunnur

Grunna skal flötinn með Weber 4716 grunni. (1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn.).

Á járnfleti og steypurstyrktarjárn er mælt með meðhöndlun með Repol BS7.

Blöndun og lögn

Til viðgerða

Setja skal 3,2 – 3,6 lítra af vatni í hrærilátið. Hellið úr 1 poka af REP 980 meðan hrært er. Mælt er með að nota hæggena borvél.

Hræra skal í 2-3 mín. eða þangað til allir kekkir eru farnir. Látið síðan standa í ca 5 mín. og hrærið aftur í 1. mín. fyrir notkun.

Til kústunar

Eftir að búið er að hræra eins og að ofan greinir, þá skal bæta í blönduna 1,6 lítrum af vatni. Þá er efnið tilbúið til kústunar. Mælt er með að farið sé 2 til 3 umferðir. Hitastig skal vera yfir 5 gráður í sólarhring eftir notkun. Gæta skal að of hraðri þornun með því að bleyta múrinn eða breiða yfir með plasti

Geymslupól

Rep 980 geymist í 1 ár í óopnuðum pokum, geymdum á þurrum stað.

Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað:

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á ofangreindar upplýsingar sem leiðbeinandi.

Eiginleikar Rep-980

Þyktarsvið	0-10mm
Holu eða sprungufyllingar	20mm
Þrýstipól (EN 13813)	10 N/mm2 eftir 24 tíma
Þrýstipól (EN 13813)	24 N/mm2 eftir 7 daga
Þrýstipól (EN 13813)	28 N/mm2 eftir 28 daga
Kornastæði	0-0,8mm
Vatnsmagn í 20 kg poka	
Vatnsmagn til viðgerða	3,2 – 3,6 lítrar
Vatnsmagn til kústunar	4,8 – 5,2 lítrar
Efnisnotkun 1mm þykkt	1,8 kg/m2